

Samþykktir

1. gr.

Félagið heitir Matarstígur Helga magra.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sameina matvælaframleiðendur og ferðaþjónustuaðila í eitt verkefni sem miðar að því að búa til framúrskarandi mataráfangastað í Eyjafjarðarsveit.

Um félagasamtök er að ræða og ekki verður um neinn atvinnurekstur að ræða.

3. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með:

- Að koma á samstarfi milli matvælaframleiðenda, veitingamanna og ferðaþjónustuaðila í Eyjafjarðarsveit.
- Að auka tekjur þátttakenda.
- Að stuðla að nýsköpun í matvælaframleiðslu og veitingaþjónustu.
- Að byggja upp matartengda ferðaþjónustu.
- Að skapa tækifæri fyrir bændur til að fullvinna afurðir sínar.
- Að standa vörð um íslenskar matarhefðir og matarmenningu.
- Að taka þátt í markaðssetningu afurða úr Eyjafjarðarsveit.
- Að vera virkir þátttakendur í umræðum um sjálfbærni, umhverfismál og matarsóun.
- Að skapa tengsl við samskonar verkefni erlendis.

4. gr.

Félagsaðild.

Allir þeir sem framleiða matvæli í Eyjafjarðarsveit eða bjóða upp á veitingaþjónustu á svæðinu hafa rétt til þátttöku í félaginu. Það er þó háð eftirfarandi skilyrðum:

- a. Að burðarhráefni rétta eða vara sé úr Eyjafjarðarsveit.
- b. Að þau hráefni sem nota á í rétti eða vörur og fást í Eyjafjarðarsveit, séu sannarlega þaðan.
- c. Að þátttakendur skuldbindi sig til þátttöku í sameiginlegum verkefnum og markaðssetningu matarstígsins eftir nánari óskum stjórnar þar um
- d. Að öllum lögum og reglugerðum sé fylgt.

5. gr.

Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðeins félagsmenn mega vera þátttakendur í aðalfundi.

6. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. mars ár hvert og skal boða til hans með að minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað. Einfaldur meirihluti mættra félagsmanna ræður úrslitum mála. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga
7. Önnur mál

7.gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 3-5 félagsmönnum, formanni og 2 – 4 meðstjórnendum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn auk tveggja skoðunarmanna reikninga. Einnig er heimilt að kjósa allt að 3 varamenn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður boðar til funda. Firmaritun er í höndum meirihluta stjórnar. Ferðamálafélag Eyjafjarðarsveitar tilnefnir áheyrnarfulltrúa í stjórn.

8.gr.

Ákvörðun um félagsgjald skal tekin á aðalfundi. Félagsgjöld skulu innheimt árlega.

9. gr.

Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið í verkefni á vegum Matarstígs Helga magra.

10. gr.

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða og renna eignir þess til þeirra góðgerðarmála sem ákveðin verða á slitafundi.

Lög þessi voru samþykkt á stofnfundi.

Dagsetning: **03.03.2020**

Hér koma eiginhandar undirritanir allra stjórnarmanna (og varamanna ef eru kosnir).

Nöfn og kennitölur.